


Áfangar í sögunni

Embætti landlæknis á rætur að rekja til skipunar fyrsta landlæknisins, Bjarna Pálssonar, 18. mars 1760. Það hefur því þjónað landsmönnum í hálfra þriðju öld með það meginmarkmið að leiðarljósi að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Með lögum er tóku gildi 1. maí 2011 var starfsemi Lýðheilsustöðvar, sem tók til starfa í ársbyrjun 2003, sameinuð Embætti landlæknis. Með lögunum fékk embættið enn víðtækari verkefni en áður og hefur nú með höndum allt forvarnar-, heilsueflingar- og lýðheilsustarf auk þeirra verkefna sem embættið hefur gegnt um langan aldur.



Skipurit Embættis landlæknis



HEILSUVERNDARSTÖÐIN

Starfsemi hófst í húsinu 4. desember 1953 með opnun ung- og smábarnaverndar en vígslan var haldin 2. mars 1957. Starfsemi hússins hefur nær óslitið síðan tengst heilsuvernd og annarri heilbrigðisþjónustu. Í Heilsuverndarstöðinni voru m.a. til húsa á árunum 1953 til 2006:

Mæðravernd, ung- og smábarnavernd, mænu-sóttardeild hjúkrunarspítala sem síðar varð lyf-lækninga- og farsóttadeild, slysavarðstofa, Líkn, sem síðar varð lungna- og berklavarnardeild, heima-hjúkrun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Læknavaktin, Heyrnar- og talmeinstöð, Manneldisráð, heilsuvernd í skólum, skólatannlækningar, Áfengis- og vímu-varnaráð, húð- og kynsjúkdómadeild, Borgarlæknir, stjórnsýsla heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Miðstöð heilsuverndar barna, Árvekni og Lýðheilsustöð.

**Embætti landlæknis flutti aðsetur sitt
í húsið 1. ágúst 2011**

Embætti landlæknis, mars 2012
Barónsstíg 47
101 Reykjavík
www.landlaeknir.is



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Hlutverk embættisins er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að:

- Tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.
- Stuðla að öflugu lýðheilsustarfi.
- Vinna að heilsueflingu allra aldurshópa.
- Skipuleggja sóttvarnir og ónæmisaðgerðir.
- Hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu.
- Veita stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu.
- Safna og vinna úr heilbrigðisupplýsingum.

Starfsemi

Embættis landlæknis

Embætti landlæknis starfar á fjórum fagsviðum auk stoðsviðs og skrifstofu landlæknis. Hjá embættinu starfa nú liðlega 60 starfsmenn. Stefna embættisins og helstu viðfangsefni eru að:

Skrifstofa landlæknis

Samhæfa starf embættisins, tryggja hagkvæman rekstur, góða umsjúku eigna og að unnið sé í samræmi við lög, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli.

Áhrifaþættir heilbrigðis

Vinna markvisst að heilsuefandi samfélagi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan.

Lífnaðarhættir

Stuðla að hegðun og umhverfi sem ýtir undir heilbriggt lífni með áherslu m.a. á tannvernd, næringu og reglubundna hreyfingu.

Geðheilbrigði

Stuðla að aukinni hamingju, velferð og vellíðan á öllum sviðum samfélagsins.

Áfengis- og tóbaksvarnir

Stuðla að því að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis-, tóbaks- og vímuefnaneyslu.

Ofbeldi og slysvarnir

Stuðla að öryggi og vellíðan með heilsuefingu hvarvetna í samfélaginu.



Sóttvarnir

Vinna í samræmi við sóttvarnalög og Alþjóðaheilbrigðisreglugerð.

Farsóttagreining

Greina og halda skrá yfir bólusetningar og sjúkdóma af völdum sýkla, eiturefna, geislavirkra efna, óvæntrar heilsuvár og atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu manna.

Sóttvarnaráðstafanir

Skipuleggja og samræma almennar og opinberar sóttvarnaráðstafanir um land allt.

Smitsjúkdómar

Veita ráðgjöf og upplýsingar til almennings og heilbrigðisstarfsmanna um forvarnir og útbreiðslu smitsjúkdóma, innanlands sem utan.

Eftirlit og gæði

Efla gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustunni.



Eftirlit og úttektir

Vaka yfir framkvæmd heilbrigðisþjónustu og bregðast við eftir þörfum.

Öryggi og gæði

Stuðla að öruggri heilbrigðisþjónustu með markvissu gæðastarfi.

Faglegar kröfur

Skilgreina kröfur um góða og árangursríka heilbrigðisþjónustu.

Leiðbeiningar

Setja fram leiðbeiningar og verklagsreglur um tilhögun þjónustu, greiningu og meðferð.

Kvartanir

Vinna ítarlega og faglega úr kvörtunum notenda heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisupplýsingar

Miðla upplýsingum, m.a. úr heilbrigðis-skrám og stunda rannsóknir.



Heilbrigðisskrár

Safna, greina og túlka gögn og miðla þeim

til fagfólks, stjórnvalda og almennings.

Samræmd skráning

Gefa fyrirmæli um skráningu og hafa eftirlit með gæðum skráningar í heilbrigðisþjónustu.

Rafræn sjúkraskrá

Próa rafræna sjúkraskrá og samskipti sem tryggja skilvirkt og öruggt aðgengi að viðeigandi rauntímaupplýsingum.

Rannsóknir

Styðja við og stuðla að rannsóknum á sviði lýðheilsu, m.a. með því að nýta gögn úr heilbrigðisskrám.

Stoðsvið

Sinna fræðslu- og kynningarstarfi, sameiginlegum verkefnum embættisins og þjónustu við innri starfsemi þess.

Útgáfa og vefsetur

Starfrækja vefsetur með áreiðanlegum upplýsingum og gefa út prentað og rafrænt efni í þágu almennings og fagfólks.

Móttaka og innri verkferlar

Styðja við góðan árangur starfsfólks við úrlausn verkefna sinna.

Mannauður

Skapa gott starfsumhverfi og tryggja velferð starfsfólks og vellíðan.

Gæðapróun og innra eftirlit

Próa verkferla sem settir eru fram í gæða- og öryggishandbók.